



Samfélagsfræði 9.bekkur

Landafræði

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><i>Hæfniviðmiðum samfélagsgreina er skipt í 3 flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.</i></p> <p>Reynsluheimur</p> <p>Að auka skilning nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu.</p> <p>Hugarheimur</p> <p>Að þjálfna hæfni nemenda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum og styrkja um leið sjálfsmynd sína.</p> <p>Félagsheimur</p> <p>Að auka hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p>	<p>Hefðbundin lestur og ritun, auk þess stafrænt læsi, þ.e. nemendur þurfa að tileinka sér tölvu- og nettækni í mörgum verkefnum bókarinnar.</p> <p>Almennar umræður, lestur og myndbönd um mikilvæg hugtök eins og sjálfbærni.</p> <p>Heimsálfurnar og samfélög skoðuð með lestri, myndböndum og umræðum. Nemendur eru hvattir til að taka afstöðu til ýmissa mála tengdum mannréttindum og rökstyðja skoðanir sínar.</p> <p>Fjallað verður um stöðu fólks í mismunandi samfélögum og þurfa nemendur að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.</p> <p>Verkefnavinna sem krefst þess að nemendur dragi ályktanir og geti rökstutt skoðun sína og niðurstöður út frá upplýsingum sem þeir hafa aflað.</p>	<p>Nemandi þekkir og getur bent á heimsálfurnar sjö, landslag þeirra, náttúrufar, auðlindir og helstu einkenni.</p> <p>Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</p> <p>Nemandi gerir sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.</p> <p>Nemandi getur aflað sér og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.</p> <p>Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf.</p> <p>Geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.</p> <p>Rökrætt mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.</p> <p>Nemandi getur útskýrt megineinkenni gróðurfars og loftslags og hvernig þessi einkenni</p>	<p>Próf 50%</p> <p>Hópa- og stöðvavinna 10%</p> <p>Veggspjöld 10%</p> <p>Stafræn verkefni og kortavinna 10%</p> <p>Munnlegur flutningur 10%</p> <p>Vinnubók 10%</p>



		<p>móta ólík lífsskilyrði.</p> <p>Nemandi getur greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.</p> <p>Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</p> <p>Nemandi þarf eftir bestu getu að taka sjálfstæðan þátt í samstarfi og samræðum.</p> <p>Nemandi þarf að æfa sig, með kennurum og samnemendum, í að rökræða ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga</p>	
--	--	---	--

Samfélagsfræði 9. bekkur

Saga

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><i>Hæfniviðmiðum samfélagsgreina er skipt í 3 flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.</i></p> <p>Reynsluheimur</p> <p>Að auka skilning nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu.</p> <p>Hugarheimur</p> <p>Að þjálfna hæfni nemenda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum og styrkja um leið sjálfsmynd sína.</p>	<p>Í bókinni Lýðræði og tækni er fjallað um sögu 19.aldar. Sagt er frá stjórnarbyltingum Bandaríkjamanna og Frakka, iðnbyltingu, fólksfjölgun, þéttbýlismyndun, framleiðsluaukningu, verkalyðsbaráttu, þjóðernishyggju og þjóðríkjamyndun.</p> <p>Þetta læra nemendur með hefðbundnum lestri og ritun og með stafrænu læsi, þ.e. nemendur þurfa</p>	<p>Nemandi þekki helstu einkenni samfélagsins á Íslandi og í Evrópu á 17. og 18. öld áður en þær miklu breytingar urðu sem bókin fjallar um: byltingar, lýðræðispróun og iðnvæðingin.</p> <p>Nemandi getur rætt um hugmyndir og öfl sem leiddu til amerísku frelsisbaráttunnar og frönsku byltingarinnar. rætt um mannvirðingu, kynþáttahatur og</p>	<p>Próf 50%</p> <p>Hópa- og stöðvavinna 10%</p> <p>Veggspjöld 10%</p> <p>Stafræn verkefni og kortavinna 10%</p> <p>Munnlegur flutningur 10%</p> <p>Vinnubók 10</p>



<p>Félagshimur Að auka hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p>	<p>að tileinka sér tölvu- og nettækni í mörgum verkefnum bókarinnar. Almennar umræður, lestur og myndbönd um mikilvæg hugtök. Verkefnavinna sem krefst þess að nemendur dragi ályktanir og geti rökstutt skoðun sína og niðurstöður út frá upplýsingum sem þeir hafa aflað.</p>	<p>mismunun út frá sögulegu og nútíma sjónarhorni. Nemandi skilur hvers vegna nýlendurnar í Norður-Ameríku börðust fyrir sjálfstæði. Þeir eiga að geta rætt um jákvæðar og neikvæðar hliðar á nýju stjórnarskránni og þá með réttindi þræla, indíána og kvenna í huga. Nemandi skilur hvað gerðist í frönsku byltingunni og hverjar voru orsakir hennar og afleiðingar. Nemandi veit hver Napóleón var, hvernig hann komst til valda og hvers vegna hann var gerður útlægur. Hann skilur hvernig samfélagið breyttist þegar Napóleón tók völdin í Frakklandi. Nemandi þekkir tilraun Jørgens Jørgensen til valdaráns á Íslandi og viðbrögð Íslendinga. Nemandi getur útskýrt tækni- og samfélagslegar breytingar sem fylgdu iðnbyltingunni. Nemandi getur greint frá þróun íslensks samfélags á 19. öld fram til byrjunar 20. aldar og útskýrt hvernig hún hefur haft áhrif á íslenskt samfélag í dag. Nemandi skilur hvernig íslenskt samfélag breyttist eftir hina síðbúnu iðnbyltingu á Íslandi. Einnig hvað varð til þess að fjöldi Íslendinga fluttust búferlum til Vesturheims. Nemandi á að geta greint og rætt</p>	
---	---	--	--



		<p>um hvernig sjávarútvegur, fólksfjölgun og breytingar á landbúnaði eiga þátt í að breyta samfélaginu og sjá samhengið milli þessara þátta.</p> <p>Nemandi getur rætt um mannvirðingu, kynþáttafordóma og mismunun í sögulegu ljósi og út frá sjónarhorni nútímans.</p> <p>Nemandi þekkir hugtakið þjóðernishygga og hvernig viðhorf til hugtaksins hefur breyst í tímanna rás.</p> <p>Nemandi getur sagt lauslega frá atburðarásinni við sameiningu Ítalíu og sameiningu Þýskalands.</p> <p>Nemandi getur gert grein fyrir heimsvaldastefnunni, áhrifum hennar og afleiðingum og geti rætt manngildi, kynþáttafordóma og mismunun út frá sögulegu og nútímalegu sjónarmiði.</p> <p>Nemandi þekkir hvernig lönd í Afríku voru gerð að nýlendum af evrópskum valdhöfum á tímabilinu 1870–1914 og geti rætt um hvaða afleiðingar nýlenduvæðing Afríku hefur haft.</p> <p>Nemandi getur rakið helstu atriðin í síðari hluta sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og greint frá mannréttindabaráttu kvenna á Íslandi.</p> <p>Nemandi þekkir sögu sjálfstæðisbaráttunnar frá því að við fengum stjórnarskrá 1874 og fram til</p>	
--	--	---	--



		lýðveldisstofnunar og geri sér grein fyrir helstu deilumálum Íslendinga í þeirri baráttu.	
--	--	---	--